

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/348  
komudagur 2.12.2004



Nefndasvið Alþingis  
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8 -10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. desember 2004  
Tilvísun: 2004110039/20.20  
MBG/BH  
Tilv. ykkar: 16.11.2004

**Efni: Umsögn v. frumvarps til laga um náttúruvernd, 184. mál, eldri námur.**


Með bréfi dags. 16.11.2004 óskar umhverfiseild Alþingis umsagnar um ofangreint frumvarp.

Vegagerðin átti fulltrúa í starfshópi sem umhverfisráðherra skipaði þann 20. júní 2003, sem skyldi gera tillögur til ráðuneytisins um það hvernig hægt væri að binda leyfum efnistöku úr námum sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. fyrir gildistöku eldri laga um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tillögum starfshópsins áttu tveir áfangar breytinganna að taka gildi 1. júlí árin 2006 og 2010 og átti að breyta þessum ártölum ef framlagningu frumvarpsins myndi seinka.

Þar sem framlagningu frumvarpsins hefur seinkað á fyrri áfanginn samkvæmt frumvarpinu að taka gildi 1. júlí 2007, en Vegagerðin bendir á að láðst hefur að seinka gildistöku seinni áfangans einnig um eitt ár. Vegagerðin telur eðlilegt að þeim sem stunda efnistöku í dag á svæðum þar sem framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir sé veittur sanngjarn frestur til að sækja um slíkt leyfi og laga sig þannig að breyttu lagaumhverfi.

Vegagerðin hefur ekki aðrar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.